

Menningarsaga (3 tímar á viku) – námskeiðslýsing og matsfyrirkomulag

Til að forðast skörun við menningarsögu fornaldar (sem komið er lítillega inn á í fornfræði, grísku og latínu) hefst valáfanginn um menningarsögu á miðöldum. Uppistaða áfangans er saga sjónlista, þ.e. málalistar og höggmyndalistar, auk byggingarlistar.

Á fyrra misseri er nemendum kynnt ýmis mikilvægustu hugtök listsköpunar og greiningar sjónlista, og fjallað verður um forsendur sjónlista frá miðöldum til endurreisnar. Nemendur læra að þekkja ákveðin stílskeið og tímabil listasögunnar, en jafnframt að skoða listasöguna sem heild. Nemendur skulu öðlast færni í að greina samspil helstu þátta sjónlista, menningar og þjóðfélagshátta.

Á síðara misseri læra nemendur um sögu sjónlista frá 16.-19. aldar, bæði á forsendum listarinnar sjálfrar, sem og í tengslum við aðra menningarsögubætti og þjóðfélagshætti. Áhersla er lögð á að nemendur þekki stílskeið og tímabil listasögunnar, en skoði hana jafnframt sem heild, tengi framangreind tímabil saman og skilji að hvaða marki rætur listar á 20. öld liggja í eldri stílskeiðum. Helstu þræðir í sögu listar eru settir í samhengi við samfélagsgerð og samfélagsbreytingar, stjórnarfar, tæknibreytingar, heimspeki og hugmyndafræði. Listasögu 20. aldar eru gerð skil í gegnum fyrirlestra nemenda.

--

Námsmat: Símat.

a) Tímapróf

Ekki er gert ráð fyrir sérstöku lokaprófi í greininni, en reiknað með tveimur tímaprófum á hvoru misseri (haust og vor) sem stofni einkunnar. Gengið er út frá því að hvert tímapróf taki eina kennslustund (40 mín.), nema hvað hugsanlega yrði síðasta prófið látið ná yfir 2 kennslustundir (80 mín.). Vægi þessara tímaprófa yrði um 60% af lokaeinkunn.

b) Fyrirlestur nemenda.

Allir nemendur undirbúa einn fyrirlestur á vetrinum og flytja fyrir samnemendur sína, um 20. mín á lengd. Skila þeir einnig kennara útdrætti um erindið og heimildaskrá. Efnið skal vera úr listasögu frá s. hl. 19. aldar og 20. öld, þar sem síður er þess að vænta að yfir þau tímabil verði komist í fyrirlesturum kennara. Vægi slíks fyrirlestrar er um 20%.

c) Önnur verkefni, ástundun, iðni, framfarir.

Þessi matsþáttur felur m.a. í sér mat kennara á þátttöku, iðni og ástundun nemenda. Gildi hans er um 20% af lokaeinkunn í greininni.

Þar sem um símatsáfangana er að ræða er ekki ósennilegt að saman fari námseinkunn og lokaeinkunn í greininni. Það er fyrst og fremst matsþáttur kennara á frammistöðu nemanda (c-liður hér að ofan), sem gæti haft áhrif í þá átt að þær tvær einkunnir fari ekki saman.